

100.fundur hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis

Haldinn 14.mars 2017 í Glerárskóla kl.18:00

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, Einar Gauti Helgason og Eiríkur Aðalsteinsson.

Fjarverandi eru Páll Árdal og Elvar Birgisson.

1. Samfundur hverfisnefnda í bænum.

Formaður hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis boðaði til samfundar hverfisnefnda á Akureyri og var fundurinn haldinn þann 22.febrúar sl. Á kaffistofu Glerárskóla. Farið var yfir hvað hverfisnefndir væru með á dagskrá hjá sér þetta árið og hvaða málefni brynnu á mönnum um Akureyri og uppbyggingu bæjarins. Góður fundur sem stóð yfir í um klukkustund.

2. Fundur Vinnuhóps um íbúalýðræði.

Fundur haldinn í bæjarstjórnarsalnum þann 8.mars þar sem Berglind og Einar Gauti mættu. Fundurinn var góður umræðufundur og margar uppástungur litu dagsins ljós sem vert er að vinna með áfram, sérlega varðandi hverfisnefndirnar.

3. Umhverfisfé.

Klárað verður með Akureyrarbæ grillaðstaða hverfisins í Seljahlíðarreitnum og skoðað að setja ný körfuboltaspjöld við Glerárskóla, í stað þeirra eldri sem nú eru fyrir.

4. Skilti

Í fundargerð hverfisnefndar nr. 99 var óskað eftir að upp verði sett skilti sem á myndi standa „ Í þessu hverfi búa börn“ „ Aktu hægt“ en þessi ósk kom frá íbúa hverfisins. Umhverfis og mannvirkjasvið hefur tekið þetta mál til skoðunar og ætlar að fara yfir það með jákvæðum hug. Einnig kom fram á fundi hverfisnefndar að kannski gæti „smíðaval“ Glerárskóla búið til skilti fyrir skólann og málað á það, t.d.skilti eins og eru fyrir utan hjá leikskólum

„ Vinsamlegast dreptu á bílnum“. Hugmyndin er ekki komin lengra en að tala um hana.

5. Hlíð tengd göngustígum

Í síðustu fundargerð var því velt upp hvort ekki ætti að loka þeim hliðum sem opnuð hafa verið vegna snjómoksturs og hefur svar borist frá Umhverfis og mannvirkjasviði sem segir að þegar vorar verði steinarnir settir á sinn stað og hlið lokuð.

Við spyrjum til baka: Ef enginn snjór er, eins og hefur verið í vetur, má ekki loka þessum hliðum fyrr? Opin hlið bjóða upp á akstur á göngustígum. Það er reynsla á bak við það.

6. Bekkir í bænum

Nefndin óskaði eftir lista um hvar bekkir og rusladallar ættu að vera staðsettir og þakkar umhverfis og mannvirkjasviði fyrir sendinguna.

7. Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Formaður fór yfir aðalskipulagið í grófum dráttum og bað fundarmenn um að kynna sér innihald þess vel. Þetta er bærinn okkar og það skiptir máli. Nokkrir nefndarmenn fóru einnig á fundinn í Hofi þar sem aðalskipulagið var kynnt og vil þakka skipulagsdeild kærlega fyrir góða kynningu. Margar ábendingar komu þar fram sem vert er að huga að varðandi skipulagið og vonandi skila þessar ábendingar sér inn skipulagsdeildar.

Helstu áhyggjuefni hverfisnefndar er varða hverfið okkar er bygging nýs leikskóla sem ekki er inná aðalskipulagi sem og hvort ekki sé öruggt að kvenfélagsreiturinn og Seljahlíðareiturinn séu merktir sem náttúrusvæði.

8. Aðalfundur hverfisnefndar

Stefnt er á að hafa aðalfund hverfisnefndar 19.apríl 2017. Glerárskóli kl.20:00.

Verið er að horfa í að fá einhvern frá fræðsluviði til að koma og fræða okkur íbúana um hvernig leysa skal leikskólamálin í hverfinu. Hver er framtíðarsýn Akureyrarbæjar á skólamáli hverfisins?

9. Facebook síða hverfisnefnar

Síðan hefur verið opnuð almenningi og finnst með því að skrá „ íbúar holta og hlíðahverfis“.

Ákveðið var að hver og einn getur sótt um að vera vinur og hverfisnefnd samþykkir síðan.

Sem sagt Lokaður hópur á síðunni.

10. Sandgerðisbót, hreinsistöð fráveitu.

Hverfisnefnd gerir engar athugasemdir við deiliskipulagsbreytuna.

11. Fyrirspurn frá íbúa hverfisins

Þann 14.mars barst hverfisnefnd bréf frá íbúa þar sem spurt er út í framtíð hverfisins og þróun þess og var þá verið að velta upp þeirri stöðu að leikskólanum Hlíðabóli verður lokað þ.7.júlí nk. Svar hverfisnefndar við þessu erindi verður í raun svarað á aðalfundi nefndarinnar þar sem einhver frá fræðslunefnd bæjarins mun geta svarað spurningum okkar íbúanna um þessi málefni.

12. Krossanesbraut

Áhyggjur íbúa sem búa við Krossanesbraut aukast dag frá degi því akstur flutningabíla hafa aukist með ári hverju og því spyrja íbúar: Hvert var hlutverk þessarar götu í upphafi og hafa forsendur ekki breyst hvað varðar umferðarpunga hennar. Í skipulagi 2018-2020 er Krossanesbraut skilgreind sem tengibraut og segir á bls.57 „ fylgjast þarf vel með hljóðvist og mengun við helstu umferðaræðar til að tryggja vellíðan íbúa og hefur verið unnið hljóðvistarkort ásamt aðgerðaráætlun í því skyni.“ Í 4.grein reglugerðar nr.1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlana segir að kortleggja *skuli* hávaða og meta áhrif af völdum hans.

Í framhaldi af þessu spyrjum við: Er hægt að gera slíka greiningu á Krossanesbrautinni með mælingu á umferðarpunga, umferðarhraða, hávaða og hvaða áhrif þetta hefur á íbúa við þessa götu?

Margir kaffibollar drukknir á þessum fundi en ekki fleira fært til bókunar.

Ritari: Berglind Rafnsdóttir